

Ársreikningur Fjarðabyggðar 2012
Fyrri umræða í bæjarstjórn
4. apríl 2013

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2012 er hér með lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn, áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra, eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, en áformað er að ársreikningurinn verði afgreiddur við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 18.apríl næstkomandi.

Ætlun mín hér í dag er að fara yfir helstu stærðir ársreiknings Fjarðabyggðar fyrir árið 2012 og nokkur atriði sem ég tel vert að fara yfir varðandi afgreiðslu reikningsins. Með mér hér í dag eru Snorri Styrkársson fjármálastjóri og Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG en þeir munu síðan ásamt mér, svara spurningum um ársreikninginn.

Hér á eftir mun fara fram að venju mikill fyrirlestur í tölum enda eðlilegt að gerð sé skýr grein fyrir ársreikningi sveitarfélagsins. Ef ég reyni að draga saman niðurstöðurnar í eina setningu þá hljómar svona: Tekjur sveitarfélagsins fara hækkandi, um leið og raunlækkun kostnaðar er staðreynd, sem gefur sveitarfélaginu aukið svigrúm til að greiða niður skuldir sínar og ná markmiðum fjárhagslegra viðmiða sem sett hafa verið.

Rekstrarniðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða hjá samstæðu A og B hluta var jákvæð sem nam 1.324 millj. kr. á árinu. Þar af var rekstrarniðurstaða í A hluta 497.8 millj. kr. Góð framlegð var í rekstri samstæðu A og B hluta á árinu 2012 en svokölluð EBITDA framlegð nam 27,11%. Í A hluta nam EBITDA framlegðin 14,2%. Jákvæð rekstrarniðurstaða var á rekstri samstæðu sveitarfélagsins að fjárhæð 444.3 millj. kr. á árinu og A hluta að fjárhæð 9.4 millj. kr. Til samanburðar var rekstrarafgangur samstæðu 108.2 millj. kr. á árinu 2011 og rekstrartap A hluta var 74.9 millj. kr. Skýringa á hækkun rekstrarafkomu á milli ára má einkum rekja til hærri tekna sveitarfélagsins auk þess sem endurskipulagning Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hafði jákvæð áhrif á rekstrarafkomu. Fjárhagslegt aðhald í rekstri sveitarfélagsins hefur líka skilað sér í jákvæðum áhrifum á afkomuna.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2012 námu 4.899 millj. kr. samkvæmt ársreikningi hjá samstæðu A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 3.539 millj. kr. Skatttekjur samstæðu sem samanstanda af útsvari, fasteignaskatti og framlögum jöfnunarsjóðs aukast um 171.6 millj. kr. frá fyrra ári. Hærri útsvarstekjur að fjárhæð 152.7 millj. kr. skýrast m.a. af áhrifum almennra kjarahækkana á vinnumarkaði, góðu gengi útflutningsgreina og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Fasteignaskattar hækka um 41.4 millj. kr en lóðarleiga lækkar um 17.3 millj. kr. Framlög jöfnunarsjóðs lækka milli ára um 39.6 millj. kr. Skýringa má helst leita í lækkun framlaga vegna grunnskóla og útgjaldajöfnunar, en á móti koma aukin framlög vegna fasteignaskatts og málefna fatlaðra. Aðrar rekstrartekjur samstæðu í heild aukast um 281.5 millj. kr. frá fyrra ári m.a. vegna nýrra almenningssamgangna, hækkun gjaldskráa og af auknum tekjum hafnarsjóðs.

Rekstrarkostnaður ársins 2012 fyrir utan afskriftir, þ.e. laun, launatengd gjöld og annan rekstrarkostnað, nam alls 3.574 millj. kr. í samstæðu A og B hluta og 3.041 millj. kr. í A hluta.

Laun og launatengd gjöld í samstæðu A og B hluta námu samtals 2.156 millj. kr. og hækka um 75.3 millj. kr. á milli ára. Af þessari hækkun milli ára nam hækkun lífeyrisskuldbindingar 11,8 millj.kr. Fyrir utan gjaldfærslu vegna hækunar lífeyrisskuldbindingar hækka laun og launatengd gjöld um 50.8 millj. kr. á milli ára. Ef tekið er mið af samningsbundnum hækkunum samkvæmt kjarasamningum og annari verðlagsþróun er launakostnaður Fjarðabyggðar óbreyttur milli ára. Aðhaldsöm stefna á þessu sviði skilaði raunverulegum árangri á árinu 2012.

Í árslok 2012 störfuðu 484 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 326 stöðugildum samanborið við 504 starfsmenn í 325 stöðugildum í ársbyrjun.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 15.1 millj. kr. eða um 1% á milli ára í samstæðu A og B hluta. Í A hluta er hækkunin 2,2% eða um 22,1 millj. kr. Hækkun vísitölu neysluverðs nam 4,2% á árinu. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar á milli ára er ljóst að annar rekstrarkostnaður hefur lækkað í raun með aðhaldi í rekstri og skipulagsbreytingum.

Afskriftir í A hluta námu 215 millj. kr. á árinu 2012 samanborið við 213 millj. kr. á fyrra ári. Hjá samstæðu A og B hluta eru afskriftir ársins 387 millj. kr. samanborið við 381 millj. kr. á árinu 2011.

Hrein fjármagnsgjöld námu 482.3 millj. kr. hjá samstæðu A og B hluta samanborið við 640.5 millj. kr. árið áður. Hjá A hluta eru hrein fjármagnsgjöld 273.2 millj. kr. samanborið við 462.9 millj. kr. á árinu 2011. Vegna samninga um endurskiplagningu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar og fjárhagslegrar endurskiplagningar þess félags lækkuðu leiguskuldir Fjarðabyggðar um 197 millj. kr. á árinu 2012 og samið var um afslátt á leigugjöldum aftur í tímann að upphæð 84 millj. kr. Á móti var eignarhlutur okkar í EFF afskrifaður og voru neikvæðu áhrifin um 48 millj. kr. Samtals hefur uppgjörið við EFF jákvæð áhrif á rekstur um 233 millj. kr. og skýra þá lækkun sem var á fjármagnsliðum á árinu 2012 frá árinu 2011.

Fjarmunatekjur og fjármagnsgjöld

	A - hluti		A og B hluti	
	Ársreikn- ingur 2012	Ársreikn- ingur 2011	Ársreikn- ingur 2012	Ársreikn- ingur 2011
Almennir liðir				
Vaxtatekjur og verðbætur	46.205	34.296	53.944	41.193
Vextir frá eigin fyrirtækjum	(40.351)	33.818	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(489.811)	(509.573)	(615.631)	(713.549)
Gengismunur	(41.814)	(11.506)	(173.599)	41.416
Samtals	(525.772)	(452.965)	(735.286)	(630.940)
Sértækir liðir				
Niðurfærsla eignahluta í félögum	(48.392)	(10.000)	(48.392)	(10.000)
Arður af eignarhlutum	19.913	20	20.296	380
Áhrif endurskoðunar leigusamninga	281.029	0	281.029	0
Samtals	252.550	(9.980)	252.933	(9.620)
Fjarmunatek. og (fjármagnsgj.) samtals	(273.222)	(462.945)	(482.353)	(640.560)

Eignir sveitarfélagsins eru 11.281 millj. kr. í lok árs 2012 en voru 11.038 millj. kr. í ársbyrjun. Fastafjármunir samstæðu A og B hluta eru 9.723 millj. kr. í árslok 2012 og veltufjármunir samtals 1.558 millj. kr. Vegna endurmats lóða og lendna í samræmi við álit reikningssskilanevndar sveitarfélaga nr. 2/2010 voru færðar til hækkuna á fastafjármuni og eigið fé 74 millj. kr. á árinu . Breytingin skýrist af endurmati vegna breytingu á álagningarhlutföllum lóðarleigu í árslok 2012.

Handbært fé er 915.7 millj. kr. í lok árs hjá samstæðunni en var 845.2 millj. kr. í ársbyrjun. Eignarhlutar í félögum nema 507.6 millj. kr. í árslok 2012. Þar af vega mest eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga 265.3 millj. kr. og í Sparisjóði Norðfjarðar 140 millj. kr. Óbein niðurfærsla eignarhluta í félögum nam 22 millj. kr. í árslok 2012. Eins og áður kom fram var eignarhlutur sveitarfélagsins í Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf. (EFF) færður niður að fullu í tengslum við samkomulag um breytingu leigusamninga. Samtals nam niðurfærslan 47 millj. kr.

Eigið fé í samstæðu A og B hluta er jákvætt um 529.7 millj. kr. og neikvætt í A hluta um 875.4 millj. kr. Til samanburðar var eigið fé samstæðu 11.3 millj. kr. í ársbyrjun og neikvætt um 959 millj. kr. í A hluta.

Lífeyrirsskuldbinding samstæðu A og B hluta er 1.681 millj. kr. í árslok og langtímaskuldir 7.710 millj. kr. Af langtímaskuldum eru 1.833 millj. kr. leiguskuldir og 5.871 millj. kr. langtímaskuldir við lánastofnanir. Að teknu tilliti til næsta árs afborgana langtímaskulda lækka langtímaskuldir við lánastofnanir um 541.1 millj. kr. á milli ára. Skammtímaskuldir hjá samstæðu eru samtals 1.359 millj. kr. og þar af eru 795 millj. kr. næsta árs afborgun langtímaskulda og 57.7 millj. kr. reiknuð afborgun leiguskulda.

Skuldahlutfall samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið er 219% í A og B hluta en var 239% í lok árs 2011. Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið eru í lok árs 2012 203% en voru 220% í lok árs 2011.

Í sjóðstreymisýfirliti sést að veltufé frá rekstri nemur 1.227 millj. kr. hjá samstæðu og 489.8 millj. kr. hjá A hluta. Mikilvægt er að þessi stærð sé jákvæð um sem nemur a.m.k. afborgunum lána og fjárfestinga nema þær séu fjármagnaðar með lánum og greitt af til lengri tíma. Mikið veltufé frá rekstri hjá samstæðu A og B hluta sýnir best þann góða fjárhagslega styrk sem sveitarfélagið býr yfir til að takast á við skuldbindingar. Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfinga skilar veltufé frá rekstri 70.4 millj. kr. til hækkunar á handbæru fé hjá samstæðu. Veltufé frá rekstri í A hluta að viðbættum greiðslum vegna langtímakrafna sveitarsjóðs dugar ekki til að mæta útstreymi vegna fjárfestinga og afborgana langtímalána og leiguskulda, en uppá vantar um 147 millj. kr.

Í A hluta nam handbært fé frá rekstri 313 millj. kr. samanborið við 334 millj. kr. á árinu 2011. Afborganir lána í A og B hluta voru 476.7 millj. kr. og 319.9 millj. kr. í A hluta. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 161 millj. kr. í A hluta og 505.6 millj. kr. í samstæðu A og B hluta.

Helstu fjárfestingar á árinu eru vegna hafnarmannvirkja, snjóflóðamannvirkja á Norðfirði og nýrrar Hulduhlíðar á Eskifirði.

Í ársreikningi Fjarðabyggðar 2012 kemur vel fram styrkur Fjarðabyggðar og miðað við þann áhuga sem er á frekari atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu er ekkert sem bendir til annars en að tekjugrunnur sveitarfélagsins haldi áfram að eflast og styrkjast líkt og áætlað var þegar ársreikningur 2011 var lagður fram. Skuldsetning sveitarfélagsins er engu að síður yfir ásættanlegum viðmiðunum og vinna þarf áfram að rekstrarlegri hagræðingu. Sterkur tekjugrunnur, sem mótast meðal annars af sterkum atvinnugreinum í sjávarútvegi, áliðnaði og þjónustu, gefur hinsvegar tóninn um að sveitarfélagið Fjarðabyggð er og verður áfram eitt af sterkustu sveitarfélögum landsins.

Páll Björgvin Guðmundsson

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar